

4. gr.

Í októbermánuði ár hvert veitir Vörubílstjórafélag Mýrasýslu viðtöku nýjum umsókn-um um félagsréttindi manna, er eiga vörubifreið og vilja stunda leiguakstur til vöruflutninga. Skal þá, er fjöldi leigubifreiða er kominn niður fyrir töluna 12 bæta við þeim fjölda er nægir til þess að ná hámarkstölunni. Gildar umsóknir skulu teknar til greina eftir biðtímalengd og tímaröð.

Reglugerð þessi tekur ekki til sendiferðabifreiða. Ennfremur tekur reglugerðin ekki til vörubifreiða, sem eru í eigu einstakra fyrirtækja og eigi eru notaðir til leiguaksturs.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 36 9. maí 1970, um leigubifreiðar, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 10. mars 1983.

Steingímur Hermannsson.

Kristinn Gunnarsson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 17 24. janúar 1978, um takmörkun leigubifreiða í Hafnarfirði og um ráðstöfun atvinnuleyfa, sbr. reglugerð nr. 23 13. janúar 1983.

1. gr.

1.—2. málgr. 1. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

Tala allt að 8 farþega leigubifreiða til mannflutninga í Hafnarfirði skal, meðan bæjarstjórn Garðabæjar og hreppsnefnd Bessastaðahrepps ekki leyfa fólksbilastöðvar í sínum lögsagnarumdæmum fyrir aðrar bifreiðar en frá bifreiðastöðvum í Hafnarfirði, þannig að ein bifreið kom fyrir hverja 600 íbúa, sem þar eiga lögheimili samkvæmt nýjustu skýrslum Hagstofu Íslands.

Félagssvæði samkvæmt 1. mgr. telst Hafnarfjörður, Garðabær og Bessastaðahreppur.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum um leigubifreiðar nr. 36 9. maí 1970, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 10. mars 1983.

Steingrímur Hermannsson.

Kristinn Gunnarsson.